



Til bæjarráðs

Kópavogi, 2. júní 2025
25042730/500.01 BR

Efni: Hjólreiðaáætlun fyrir Kópavog

Ágrip

Árið 2011 hófst vinna við gerð hjólreiðaáætlunar fyrir Kópavog í samstarfi við verkfræðistofuna Eflu. Áætlunin var samþykkt árið 2012, en hefur ekki verið endurskoðuð og er að mestu leyti úrelt. Árið 2015 samþykkti bæjarráð að móta skyldi heildstæða samgöngustefnu, *Nýja línán*, sem tæki til allra ferðamáta með áherslu á lýðheilsu, öryggi og loftgæði. Þrátt fyrir umfangsmikla vinnu náðist ekki að ljúka gerð hennar fyrir bæjarstjórnarkosningar 2018. Vinna hélt þó áfram, og árið 2019 voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna tengd verkefninu. Einfölduð útgáfa stefnunnar var tilbúin árið 2022, en var ekki lögð fram þar sem talin var þörf á að hún félli undir heildarstefnu Kópavogs. Framkvæmdaáætlun fyrir hjólastíga frá 2021 var einnig lögð til hliðar þar sem stefna lá ekki fyrir. Í ársbyrjun 2025 hófst vinna við nýja hjólreiðaáætlun með áherslu á vistvænar samgöngur, fjölgun hjólastíga og bætt öryggi. Vinna fer fram í samvinnu við Betri samgöngur og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að tryggja samfelli og samræmi í uppbyggingu. Samráð við hagaðila mun fylgja í framhaldinu.

Greinagerð

Á fundi bæjarráðs 15. maí 2025 var óskað eftir greinagerð um stöðu og forsögu hjólreiðaáætlunar fyrir Kópavog.

Í byrjun árs 2011 hófst vinna við gerð hjólreiðaáætlunar fyrir Kópavog af starfsmönnun Kópavogsbæjar og verkfræðistofunnar Eflu. Bæjarstjórn samþykkti áætlunina í júní 2012. Í áætluninni kemur ekki fram hvort eða hvenær hún skuli endurskoðuð, en ljóst er að hún er að flestu leyti orðin úrelt.

Í lok árs 2015 bókaði að bæjarráð að mótuð skyldi heildstæð samgöngustefna fyrir Kópavog þar sem m.a. yrði tekið mið af lýðheilsu, öryggi og loftgæðum. Fjalla átti um almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur, bílaumferð og tækninýjungar sem gætu stuðlað að bættum samgöngum. Stefna þessi fékk nafnið „Nýja línán – heildstæð samgöngustefna fyrir Kópavogsbæ“. Í byrjun árs 2018 var vinnan við gerð stefnunnar langt komin en ekki náðist að ljúka gerð hennar fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í maí 2018 eins og stefnt hafði verið að.



Árið 2019 hófst innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, og var mótun samgöngustefnu tengt þeirri vinnu. Í apríl sama ár var skipaður vinnuhópur kjörinna fulltrúa um mótun samgöngustefnu. Í lok apríl 2019 og í upphafi árs 2020 var ráðum og nefndum Kópavogsbæjar og öðrum hagaðilum kynnt drög að nýrri samgöngustefnu.

Í kjölfarið hófst vinna við að ljúka stefnunni með hliðsjón af athugasemdum og ábendingum sem fram komu hjá ráðum og nefndum. Í október 2020 ritar þáverandi bæjarstjóri í umsögn til bæjarráðs að hann leggi til „að starfshópurinn ljúki störfum sínum og leggi samgöngustefnuna fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til afgreiðslu“.

Ekki er að finna í skjölum upplýsingar um afdrif samgöngustefnunnar og þar með hjólareiðaáætlunar. Virðist sem umfang samgöngustefnan hafi orðið svo mikið að óskað hafi verið eftir einföldun á henni. Einfölduð útgáfa lá fyrir í lok árs 2022, en var ekki lögð fram til samþykktar þar sem sú sýn kom fram að slíkt skjal ætti fremur að falla undir heildarstefnu Kópavogs. Engar upplýsingar fundust um stöðu þeirrar vinnu.

Framkvæmdaáætlun fyrir hjólastíga lá fyrir í maí 2021, en var ekki lögð fram þar sem ekki lá fyrir samþykkt stefna sem hún byggði á.

Í upphafi árs 2025 hófst vinna við nýja hjólreiðaáætlun á umhverfissviði Kópavogs. Megináherslur hennar eru: 1) Aukin notkun vistvænna samgangna, 2) Fjölgun hjólaleiða og hjólastíga, og 3) Bætt þjónusta og öryggi. Áætlunin er unnin samhliða öðrum verkefnum í samstarfi við Betri samgöngur, auk þess sem önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem vinna að eða endurskoða eigin hjólreiðaáætlanir, taka þátt til að tryggja samræmi í uppbyggingu hjóla- og göngustíga. Í framhaldinu verður haft samráð við aðra hagaðila sem tengjast hjólreiðum og samgöngubótum.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

